

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 20 - 20. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið).

Félagsráðgjafafélag Íslands er sammála markmiði lagabreytingarinnar sem ætlað er að auka sjálfsákvörðunarrétt barna sem upplifa kynmistræmi til að breyta opinberri skráningu kyns, og samhliða nafni. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið að börn sem upplifa kynmistræmi eru afar viðkvæmur hópur enda sýna erlendar rannsóknir fram á að mörg þeirra verða fyrir áreitni og ofbeldi, bæði líkamlegu og andlegu, niðurlægingu og mismunum. Slíkt getur orsakað óöryggi, félagslega einangrun, vanlíðan og geðræn vandamál. Því er stuðningur fjölskyldu og samfélags nauðsynlegur til að börn geti þroskað kynvitund sína án þess að verða fyrir fordómum, áreitni og útskúfun. Börn eiga alltaf að hafa tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um eigið líf þegar þau hafa aldur og þroska til. Það er hins vegar álitamál hvaða aldursviðmið er viðeigandi varðandi breytingu á skráningu kyns eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

Auðvelt er að taka undir þau sjónarmið að við 15 ára aldur hafi börn almennt nægan þroska til að taka sjálf ákvörðun um breytingu á skráningu kyns síns og geri sér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Það er einnig hægt að taka undir þau sjónarmið að varhugavert sé að börn frá 15 ára aldri gætu breytt skráningu á kyni án þess að afstaða forsjáradila lægi fyrir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hafi verið set lög sem kveða á um rétt einstaklinga til að ákvaða kyn sitt og slík löggjöf sé í undirbúningi í Finnlandi. Kemur fram að aldursviðmið í Noregi séu 16 ára en Svíþjóð og Danmörku 18 ára. Velferð barna sem upplifa kynmistræmi veltur ekki á því hvaða aldursviðmið ráða för heldur þeim stuðningi sem barn fær frá fjölskyldu og samfélaginu öllu. Því er mikilvægt að tryggja viðeigandi upplýsingagjöf, ráðgjöf og stuðning við barn og foreldra.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands
Steinunn Bergmann, formaður.



**KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS**
STOFNAÐ 1907

29. október 2020
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið). 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 20, 20. mál.

Kvenréttindafélag Íslands styður frumvarp til laga sem kveður á um að sjálfstæður réttur til að breyta skráningu kyns og breytingu á nafni miðist við 15 ára aldur í stað 18 ára eins og er í dag. Í frumvarpinu er tryggt að ákvarðanir fólks á aldrinum 15-18 á þessu sviði séu afturkræfanlegar, að eigin ósk. Í lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 eru skorður við því að kyn- og nafnskráningu sé breytt oftar en einu sinni, en í frumvarpinu er lagt til að einstaklingar undir 18 ára aldri verði undanþegnir þessum takmörkunum.

Í stefnuskrá Kvenréttindafélagsins segir:

Við höfum öll grundvallarrétt til lífs og líkama. Kvenréttindafélag Íslands beitir sér fyrir því að tryggja ákvörðunarrétt fólks yfir eigin líkama.

Þetta frumvarp er skref í átt til þess að tryggja þennan grundvallarrétt til lífs og líkama, skref í áttina að tryggja sjálfsákvörðunarrétt kynjanna allra yfir eigin líkama.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
frankvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is

Kópavogi 20. október 2020.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið), 20. mál, stjórnarfrumvarp.

Visað er til tölvubréfs Alþingis frá 15. október 2020 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið), 20. mál á 151. lögjafarþingi.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið er unnið í samstarfi forsætisráðuneytis og starfshóps sem skipaður var samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Með ákvæðinu var starfshópnum m.a. falið að endurskoða aldursviðmið laganna til lækkunar vegna réttar til að breyta skráningu kyns og skyldi hann hafa um það samstarf við Barnaverndarstofu, umboðsmann barna og hagsmunasamtök hinsegin fólks. Frumvarpið byggir á tillögum starfshópsins.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til að breyta opinberri skráningu kyns og samhliða nafni miðist við 15 ára aldur en ekki 18 ára aldur eins og er nú í lögnum. Er það í samræmi við niðurstöðu áðurgreinds starfshóps að unglingar hafi við 15 ára aldur almennt nægan þroska til að taka sjálfir ákvörðun um breytingu á skráningu kyns síns og geri sér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Niðurstöðuna byggir starfshópurinn á heildstæðu mati á þeim gögnum og upplýsingum sem hópurinn aflaði svo og samráði. Hins vegar visar starfshópurinn til þess að ákvörðunin sé afturkræf og einföld í framkvæmd og bendir á mikilvægi þess að auðvelt verði fyrir börn að “snúa til baka” ef þau komast að þeirri niðurstöðu að þau tilheyri þrátt fyrir allt því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu.

LÍ mælir með samþykki frumvarpsins enda byggir það á tillögum starfshóps sérfræðinga, sem höfðu víðtækt samráð í vinnu sinni.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðamefndar til að ræða frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvörp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði og breytingu á lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði, þskj. 20., 21. og 22, 20., 21. og 22. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hvetur til lögleiðingar framangreindra frumvarpa. Gerir skrifstofan engar athugasemdir við 20. og 21. mál en hefur eftirfarandi fram að færa varðandi mál nr. 22:

Með frumvarpi þessu er í fyrsta sinn lagður grunnur að lagaramma varðandi málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni auk eflingar eftirlits og kærueimild vegna vanefnda.

MRSÍ minnir á ákvæði 7. og 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Íslandi fullgilti á árinu 2016. Fyrirnefnda ákvæðið fjallar um fötlud börn og hið síðarnefnda um réttarstöðu til jafns við aðra. Því hvetur MRSÍ til þess að tryggt verði fullt tillit til réttar fatlaðra barna til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn. Loks skal þeim veitt aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að þau geti nýtt sér þennan rétt.

Þá hvetur MRSÍ til þess að tekið verði tillit til ólíks menningarbakgrunns og menningarmunar í tilviki innflytjendabarna með ódæmigerð kyneinkenni og þeim að sama skapi veitt sú aðstoð sem þarf til að þau geti nýtt sér rétt sinn sbr. framangreint. Fagnar skrifstofan ákvæði 7. gr. frumvarpsins varðandi stofnun teymis um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og treystir því að slíkt teymi muni skipa einstaklinga með þverfaglega þekkingu.

MRSÍ gerir athugasemd við að tveir hópar barna með ódæmigerð kyneinkenni skuli undanskildir þeirri lagalegu vernd sem frumvarpið áskilur, þ.e. börn með hypospadias og micro-penis. Þrátt fyrir almennan áskilnað í frumvarpinu að inngríp sem séu eingöngu útlitsleg, félagsleg og sálfélagsleg, ekki gerð í samræmi við vilja barnsins eða þróun kynvitundar þess og hafi ekki endilega hagsmuni barnsins að leiðarljósi verði óheimil, eru slík inngríp þó leyfð ef um sé að ræða ung börn með framangreind ódæmigerð kyneinkenni.

MRSÍ hvetur til þess að undantekning þessi verði felld burt. Intersex Ísland hefur bent á að til eru meðferðir sem geta normgert kynfæri barna með hypospadias og micro-penis þegar þau hafa náð aldri til að tjá sig um vilja sinn til inngrípsins, kynvitund þeirra hefur verið staðfest og ljóst er að það þjóni hagsmunum barnsins að framkvæma inngrípið. Því ætti almennt ekki að vera ástæða til að grípa inn á fyrri stigum, ef skilyrði þau er að framan greinir eru ekki uppfyllt.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Loks fagnar skrifstofan ákvæði til bráðabirgða í 11. gr. frumvarps um málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni varðandi endurskoðun ákvæðis 11. gr. a innan þriggja ára. Vænta má að sú reynsla og þekking sem þá hefur safnast gefi tilefni til breytinga og mikilvægt að nýta þá vinnu sem þá hefur fram farið sem best. Telur skrifstofan ákvæði þetta einkum brýnt verði engar breytingar gerðar á frumvarpinu hvað börn með hypospadias og micro-penis varðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið)


Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi fagna því að aldursmörk færist niður úr 18 árum í 15 ár þegar kemur að því að breyta kynskráningu. Þetta gefur börnum þann mikilvæga rétt að breyta um kynskráningu, t.a.m. áður en barn hefur framhaldsskólagöngu.

Samtökin '78 hafa undanfarin ár þjónustað börn með ódæmigerða kyntjáningu eða kynvitund og er eitt helsta áhyggjuefni þeirra að geta ekki með tryggum hætti breytt kynskráningu sinni nægilega snemma. Breyting á kynskráningu er gríðarlega mikilvæg þegar kemur að andlegri heilsu þeirra og er viðurkenning á því sem þau eru. Það er morgunljóst að ef stjórnvöld viðurkenna og virða ungmenni til að skrá sitt kyn eins og þau kjósa þá getur það aukið hamingju, spornað gegn streitu og mögulega bætt andlega heilsu þeirra.

Börn vita almennt nákvæmlega hver þau eru. Við í Samtökunum '78 höfum unnið fyrir börn með því að hlusta og veita þeim stuðning, án þess að segja þeim hvað þau eiga að gera. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld skuli gera slíkt hið sama.

Að lokum vilja Samtökin '78 óska allsherjar- og menntamálanefnd velfarnaðar og um leið beinum því til nefndarinnar að Samtökin '78 eru reiðubúin að koma fyrir nefndina til að rökstyðja umsögn okkar ásamt því að svara spurningum nefndarfólks.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 29. október 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið), 20. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að aldursviðmið sjálfstæðs réttar einstaklinga til að breyta skráningu kyns síns í þjóðskrá samkvæmt ákvæðum laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, verði lækkað úr 18 árum í 15 ár. Í frumvarpinu kemur fram að umrædd breyting sé í samræmi við markmið laga um kynrænt sjálfræði hvað varðar rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miðar frumvarpið þannig að því að tryggja að kynvitund sé viðurkennd. Fram kemur sömuleiðis í frumvarpinu að umrædd breyting á skráningu sé einföld í framkvæmd en geti verið einkar mikilvæg fyrir heill þess sem í hlut á.

Umboðsmaður barna tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu og fagnar þessari breytingartillögu. Er frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði var lagt fram á Alþingi var gert ráð fyrir því að börn 15 ára og eldri ættu sjálfstæðan rétt á að fara fram á breytingu á skráningu kyns í þjóðskrá. Þetta ákvæði frumvarpsins tók hins vegar breytingum í þinglegri meðferð og við gildistöku laganna var aldursviðmiðið orðið 18 ár. Þess í stað kom inn í lögín ákvæði til bráðabirgða sem kvað á um skipan starfshóps sem falið var það verkefni að endurskoða þessi aldursviðmið til lækkunar. Í vinnu starfshópsins var haft samráð við hinsegin börn og ungmenni, hagsmunasamtök hinsegin fólks sem og aðila sem vinna að hagsmunum og réttindum barna eins og umboðsmann barna, en það er til eftirbreytni, og því ljóst að tillaga um lækkun aldursviðmiða hefur fengið ítarlega skoðun og góða umræðu. Niðurstaða starfshópsins var sú að lækka beri umrædd aldursviðmið eins og umboðsmaður barna hefur lagt til.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat umboðsmanns barna að umrætt frumvarp og þær breytingar sem þar eru lagðar til miði að því að uppfylla þær skyldur sem Barnasáttmálinn, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, leggur á aðildarríki, ekki síst þá skyldu að tryggja með raunverulegum og virkum hætti að börn njóti stigvaxandi sjálfsákvörðunarréttar um persónuleg málefni.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna